

Ed.

54. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málgr. 79. gr. og fyrri málgr. ákvæða um

stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa rikisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóv. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver rikisborgari, karl og kona, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umbodsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

3. gr.

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

4. gr.

Í stað fyrri málsgreinar ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en hin nýja stjórnarskrá konungsrikisins Íslands öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir islenskir rikisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.